

Alþingi
Erindi nr. P 138/378
komudagur 2.12.2009

Ríkissaksóknari

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 1. desember 2009.

Allsherjarnefnd Alþingis hefur sent embættinu til umsagnar frumvarp til laga um breyting á lögum um dómstóla (sameining héraðsdómstóla), nr. 15/1998 með síðari breytingum, 100. mál.

Frumvarpið er samið á vegum réttarfræðisnefndar þar sem byggt er á tillögum dómstólaráðs um ráðagerðir sem lúta að sparnaði í rekstri héraðsdómstólanna, einkum með því að sameina þá undir eina yfirstjórn. Í athugasemdum með frumvarpinu er rakið hvernig sú breyting muni leiða til sparnaðar, betri nýtingar tækjabúnaðar og mannahalds. Þar er réttilega að því vikið að við undirbúning frumvarps, sem varð að lögum um dómstóla, voru alvarlega reifaðar hugmyndir, m. a. af stjórn Dómarafélags Íslands, um einn dómstól í héraði en með nokkrum starfsstöðvum. Bent var á að í fjórum af átta héraðsdómstólum yrði aðeins einn dómari og slíkt væri óæskilegt auk þess sem stýra þyrfti álagi á dómstólanna. Á þessum tíma skorti pólitískan vilja fyrir hugmyndinni. Sú reynsla sem nú hefur fengist af starfi dómstólana, sú breyting sem orðið hefur á samgöngum og krafa um hagkvæmni í rekstri mælir eindregið með því að þetta skref verði stigið nú.

Ríkissaksóknari rekur mikinn fjölda mála fyrir héraðsdómstólunum og hefur því góða yfirsýn yfir störf þeirra. Á þeim er augljós munur í þá átt að afgreiðsla gengur mun hægar hjá einstökum dómstólum en öðrum. Þetta virðist ekki vera í neinu samhengi við fjölda mála sem þar eru til meðferðar heldur þvert á móti.

Ríkissaksóknari telur hins vegar óæskilegt að í frumvarpinu segi í 1. gr. að dómstólaráð skuli ákveða hvar héraðsdómur hafi fastar starfsstöðvar og hvernig landinu skuli skipt í þinghár. Eðlilegra væri að um þetta sé kveðið á um í lögum og að fastar starfsstöðvar verði óbreyttar eða þá fækkað þar sem augljós rök mæla með því. Það á við um sameiningu Héraðsdómstóls Norðurlands vestra og Norðurlands eystra annars vegar og hins vegar Héraðsdóms Reykjavíkur og Héraðsdóms Reykjaness. Þar með væru meiri líkur á að sátt næðist um þá breytingu sem nauðsynlegust er þ. e. að sameina dómstólana undir einni yfirstjórn. Slík breyting ein og sér mundi leiða til betri þjónustu, betri nýtingu mannafla og tækjabúnaðar eins og að er stefnt. Þá

myndi breytingin spara tugi milljóna króna í rekstri dómstólanna og munar þar mestu um laun dómstjóra og ónauðsynlegar bakvaktir.

Nái umrædd breyting fram að ganga er nauðsynlegt að breyta og styrkja starfsemi dómstólaráðs svo sem stefnt er að með frumvarpinu.

Sú breyting sem lögð er til í 6. gr. frumvarpsins þess efnis að rýmka heimildir löglærðra aðstoðarmanna dómara þannig að þeir geti í takmörkuðum mæli gegnt dómstörfum í eigin nafni er í raun staðfesting á því fyrirkomulagi sem nú tíðkast við marga héraðsdómstóla auk þess sem útvíkkuð er heimild þeirra til ákveðinna dómara starfa án þess að leysa að efni til úr ágreiningi.


Valtýr Sigurðsson